

S A M Þ Y K K T**um hundahald í Eskifjarðarhreppi.****1. gr.**

Hundahald er bannað í lögsagnarumdæmi Eskifjarðarhrepps, Suður-Múlasýslu.

2. gr.

Þó er búandi fjárbændum á jörðum innan Bleiksár heimilt að hafa hunda, eftir þörfum.

Samþykkt þessi staðfestist hér með til að taka gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. maí 1973.

Magnús Kjartansson.

Jón Ingimarsson.

14. maí 1973.

Nr. 161.

R E G L U G E R Ð**um breyting á reglugerð nr. 150 21. júní 1972, um orlof.****1. gr.**

1. grein orðist svo:

Orlofsgreiðslur fara fram með tvennum hætti. Annars vegar fá fastir starfsmenn orlofslaun, þ. e. þeir fá greidd venjuleg laun meðan þeir eru í orlofi. Aðrir launþegar fá hins vegar greitt orlofsfé, sem nemur a. m. k. $8\frac{1}{3}\%$ af launum þeirra í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar. Þetta ákvæði rýrir þó ekki viðtækari eða hagkvæmari orlofsrétt samkvæmt öðrum lögum, samningum eða venju.

Fastur starfsmaður telst hver sá samkvæmt reglugerð þessari, sem á rétt á eins mánaðar uppsagnarfresti. Sá, sem stundar árstíðabundna vinnu, telst þó ekki vera fastur starfsmaður, þó hann eigi rétt á mánaðar uppsagnarfresti.

2. gr.

2. grein orðist svo:

Í hvert skipti sem laun eru greidd, skal launagreiðandi afhenda launþega launaseðil, er sýni fjárhæð launa og orlofsfjár. Ráðuneytið lætur gera eyðublað fyrir launaseðil til þæginda fyrir aðila.

Innan mánaðar frá útborgun vinnulauna skulu launagreiðendur greiða gjaldfallið orlofsfé sbr. 1. mgr. þessarar greinar, til næstu póststöðvar, samkvæmt nánari fyrirmælum póst- og símamálastjórnar. Orlofsfé fyrir liðinn mánuð skal þó ætíð greitt fyrir 10. næsta mánaðar. Orlof sjómanna á fiskiskipum má þó inna af hendi þrisvar á ári, þar sem ákvæði eru í kjarasamningum um kauptryggingu og kauptryggingatímabil, eftir 15. maí, 15. september og í árslok. Greiðslunni skal fylgja skilagrein á þar til gerðu eyðublaði, sem ráðuneytið lætur gera í samráði við póst- og símamálastjórnina, eða á öðru því eyðublaði, sem samþykkt er af henni.

Eyðublöð, sem um ræðir í grein þessari, fá launagreiðendur afhent á póststöðvum.